

Hverfisráð Grafarvogs

Ár 2015, þriðjudaginn 15. september var haldinn 121. fundur hverfisráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Miðgarðs í Grafarvogi og hófst kl. 17:15. Viðstaddir voru Bergvin Oddsson, formaður, Gísli Rafn Guðmundsson og Tomasz Chrapek varamaður Guðbrands Guðmundssonar. Auk þeirra sátu fundinn Trausti Harðarson áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina. Jóhannes Óli Garðarsson áheyrnarfulltrúi Korpúlfa, samtaka eldri borgara í Grafarvogi og Margrét Richter rekstrarstjóri Miðgarðis em jafnframt ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Stefnt er að því að halda opinn íbúafund í Borgum 29. september með kynningu á Umferðaröryggismálum og öðrum umhverfis og skipulagsmálum í hverfinu. Annar opinn íbúafundur verður haldinn 3. nóvember í Dalhúsum út af íþróttá, -og tólmstundamálum og íþróttamannvirkjum í hverfinu.

Kl. 17.50 tekur Herdís Anna Þorvaldsdóttir sæti á fundinum.

2. Umfjöllun var um skýrslu starfshóps um þjónustuveitingu Reykjavíkurborgar sem gefin var út í júní 2015.

Eftirfarandi bókun varð gerð frá áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallavinum:

Fulltrúi Framsóknar og flugvallavina vill hafna enn einni útþynningar tillögum á þjónustu við hverfið eins og þjónustuskýrslan stendur fyrir. Grafarvogur á að fá að standa sem eitt stórt hverfi.

Eftirfarandi bókun var gerð af hverfisráði Grafarvogs:

Hverfisráð Grafarvogs telur skýrslu um þjónustu Reykjavíkurborgar og niðurstöður hennar það óljósar að erfitt er að mynda sér skoðun um hana, þar sem afar óljóst er með hvaða hætti borginni verði skipt í borgarhluta eða hverfi.

Eftirfarandi bókun var gerð af fulltrúa Bjartrar framtíðar:

Fulltrúi Bjartrar framtíðar telur vandamál í tengslum við þjónustuveitingu borgarinnar að hluta til tengjast byggðarþróun borgarinnar seinustu áratugi. Með útpenslu byggðar þar sem byrjað hefur verið á nýjum hverfum áður en innviði hafa verið að fullu klárað í yngri hverfum. Þessi mál horfa þó til betri vegar með nýju aðalskipulagi Reykjavíkur þar sem gert er ráð fyrir að stór hluti nýrrar byggðar byggist upp innan núverandi byggðar.

3. Hugmyndir um breytingar á hverfisráðum. Ákveðið var að fresta umræðu þar til á næsta fund og óskað þá eftir nánari kynningu.
4. Eftirfarandi fyrirspurn var lögð fram frá áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallavina:

Það virðist vera sú regla í kringum grunnskóla almennt í Grafarvogi og Reykjavík sem heild, að lækkaður sé umferðarhraði niður í 30 km þar sem skólabörn eiga leið yfir umferðargötu á leið sinni í skólann. Þó virðist þó ein undantekning vera á og er það yfir aðalumferðargötu Hamrahverfishluta Grafarvogs þ.e. Lokinhamrar. Óskað er eftir að Umhverfis- og skipulagssvið gefi Hverfisráði Grafarvogs skýringu af hverju ekki sé tekin niður umferðarhraði í kringum fjölförnu gangbrautir á leið grunnskólabarna hverfishlutans á leið í Harmaskóla.

Eftirfarandi tillaga var lögð fyrir fundinn frá áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallavina:

Hverfisráð vill beina því til skóla- og frístundasviðs að auglýsa þegar í stað, vel og mikið, í fréttablöðum, skjáauglýsingum, útvarpsauglýsingum, vefmiðlum og samfélagsmiðlum, eins og Facebook, að laus séu fjölmörg tveggja til fimm daga, eftir hádegi, hlutastörf fyrir tvítuga og eldri til að vinna í Frístundaheimilum Grafarvogs sem og annarra hverfa borgarinnar. Í barnastærsta hverfi borgarinnar þar sem 20% barna og unglinga búa, eru biðlistar inn á Frístundaheimili mjög svo langir, þrátt fyrir að tvær vikur eru liðnar á skólaveturinn vegna skorts á starfsfólki. Á sama tíma, þrátt fyrir að tugi starfsmanna vanti vinnu, sést varla auglýst frá skóla- og frístundasviði.

Tillaga samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.30

Bergvin Oddsson

Tomasz Chrapek
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Gísli Rafn Guðmundsson